



## Reglur Garðabæjar varðandi óskir um að flýta eða seinka upphafi grunnskólagöngu

1. Samkvæmt 3. gr. laga um grunnskóla hefst skólaskylda að jafnaði á því ári sem barn er sex ára
2. Í Garðabæ velja foreldrar/forsjáraðilar skóla fyrir barn sitt og bera ábyrgð á að innrita barnið í þann skóla sem þeir velja. Skólarnir sem innrita börn í 1. bekk kynna starf sitt fyrir foreldrum varðandi grunnskólanemenda í mars ár hvert. Innritun er rafræn og umsóknir eru á „Mínum Garðabæ“ Einnig er hægt er að sækja um með því að fylla út eyðublað til útprentunar og skila á skrifstofu viðkomandi skóla. Nánari upplýsingar eru á vefjum skólanna.
3. Samkvæmt 15. gr. laga um grunnskóla geta foreldrar sótt um eða samþykkt að barn hefji skólagöngu áður en það er sex ára eða síðar. Skólastjóra viðkomandi skóla er heimilt að veita slíka undanþágu að fenginni umsókn skólaþjónustu
4. Umsókn skal vera skrifleg og berast til skólastjóra í skóla þeim sem foreldrar/forsjáraðilar hafa valið fyrir barn sitt, sbr. tl. 2. Umsókn um seinkun skal berast eigi síðar en 1. febrúar á því almanaksári sem barn verður sex ára og umsókn um flýtingu fyrir sama tíma á því almanaksári er barn verður 5 ára.
5. Skólastjóri skal skriflega óska eftir umsögn frá skólaþjónustu sveitarfélagsins innan tveggja vikna frá því að umsókn berst. Jafnframt skal óska eftir umsögn viðkomandi leikskóla.
6. Umsögn frá skólaþjónustu og leikskóla skal berast skólastjóra grunnskóla innan sex vikna frá því að beiðni barst um umsögn.
7. Skólastjóri skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum máls ákvörðun sína bréflaga og í tilviki synjunar skal aðilum gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða niðurstöðu.

Fræðslu- og menningarsvið

Margrét Björk Svavarsdóttir,  
sviðsstjóri.